

## 1 SAMANTEKT

### (A) Inngangur og varnarorð

Þessi samantekt skal lesin samhliða lestri á allri skráningarlýsingunni („**Lýsingin**“). Þessi lýsing tengist töku til viðskipta og skráningar á Íslandi af hálfu Oculis Holding AG, stofnsett og skráð í Sviss þann 31. október 2022, sem hlutafélag, með skráð heimilisfang að Bahnhofstrasse 7, 6300 Zug í Sviss, með auðkenni lögaðila („**LEI**“) 5067005370C2KK324336 („**útgefandinn**“, „**Oculis Holding AG**“ eða „**félagið**“) á hlutabréfum, hvert að nafnvirði CHF 0,01, með alþjóðlegt ISIN-verðbréfaeinkenni („**ISIN**“) CH1242303498, samtals 40.443.700 almennir hlutir („**almennu hlutabréfin**“) („**taka til viðskipta**“) á skipulegum markaði á Íslandi sem starfræktur er af Nasdaq á Íslandi („**Nasdaq Iceland**“).

Lýsingin hefur verið staðfest þann 11. apríl 2024 af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („**FME**“) sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulögðum markaði og sem kemur í stað tilskipunar 2003/71/EB, með áorðnum breytingum („**lýsingarreglugerðin**“).

FME er með skráð heimilisfang að Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi, og með skráð símanúmer + 354 569 9600.

Fjárfestar skulu byggja allar ákvarðanir um fjárfestingu í almennu hlutabréfunum á lýsingunni í heild sinni. Fjárfestar í almennu hlutabréfunum skulu vera meðvitaðir um að þeir kunna að tapa hluta af eða öllu því fé sem þeir fjárfesta. Komi til þess að krafa sem byggð er á lýsingunni komi til kasta dómstóla, kann fjárfestir sem höfðar slíkt mál í samræmi við landslög, að þurfa að bera kostnað af því að þýða lýsinguna áður en slíkur málarekstur hefst. Einkaréttarleg ábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem lögðu fram samantektina, þar með talda þýðingar á henni, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða ósamræmi gætir við aðra hluta lýsingarinnar eða þar sem hún ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar veitir ekki lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum við mat á fjárfestingu í almennu hlutabréfunum.

### (B) Lykilupplýsingar um útgefandann

#### B.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

**Heimilisfesti og félagaform.** Útgefandi almennu hlutabréfanna er Oculis Holding AG, hlutafélag, stofnað og skrásett skv. lögum Sviss og er skráð í félagaskrá kantónunnar af Zug þann 31. október 2022. Höfuðstöðvar félagsins eru við Bahnhofstrasse 7, 6300 Zug, Sviss, og LEI númer félagsins er 5067005370C2KK324336.

**Megin starfssvið:** Útgefandi er líftæknilyfjafyrirtæki á stigi klínískra rannsókna, með höfuðstöðvar í Sviss, með umtalsverða þekkingu og reynslu á áhrifum á meðferðarúrræða til meðhöndlunar á augnsjúkdómum og er að þróa byltingarkennda vörur sem hafa möguleika á að meðhöndla marga augntengdra kvilla. Í samstæðu útgefanda starfa 36 starfsmenn, 16 í Sviss, 8 á Íslandi, 7 í Bandaríkjunum og 5 í Frakklandi, Bretlandi og Kína. Hlutverk og framtíðarsýn útgefanda er að bæta heilsu og lífsgæði sjúklinga um allan heim með því að þróa lyf sem bæta sjón og bæta augnhjúkrun sjúklinga.

Vörur útgefanda eru gerðar án landfræðilegra takmarkana í huga, jafnvel þó að frá sjónarhóli viðskiptalegrar tímasetninga sé stefna útgefanda að sækjast eftir samþykki bandaríska FDA fyrst, svo evrópskt og önnur alþjóðleg samþykki.

**Helstu hluthafar:** Útgefandi hefur ekki upplýsingar um að einhver hluthafi eigi meira en 14,5%, m.v. 31. desember 2023. Stærsti einstaki hluthafi félagsins er LSP 7 Cooperatief U.A.<sup>1</sup> sem fer með 14,5% eignarhlut, þar á eftir kemur Brunnur vaxtarsjóður slhf.,<sup>2</sup> sem á 6,4%, BVCF Management (BEYEOTECH)<sup>3</sup> sem á 5,6% og sjóðir í stýringu Pivotal Partners<sup>4</sup> sem sameiginlega fara með 5,2% eignarhlut í útgefanda.

**Helstu stjórnendur:** Riad Sherif (Forstjóri og stjórnarformaður); Sylvia Cheung (fjármálastjóri) og Páll Ragnar Jóhannesson (framkvæmdastjóri rekstrar).

**Endurskoðandi:** PricewaterhouseCoopers SA, avenue C.-F. Ramuz 45, 1001 Lausanne, Sviss, er löggiltur endurskoðandi útgefanda.

## B.2 – Hverjar eru helstu fjárhagslegu upplýsingar um útgefanda

Nema annað sé tilgreint eru allar fjárhagslegu upplýsingarnar hér að neðan í þúsundum svissneskra franka. Tilteknar fjárhagslegar upplýsingar hafa verið námundaðar í samræmi við viðeigandi staðla. Af því leiðir að námundaðar upplýsingar um fjárhæðir í töflunum að neðan kunna ekki að ná þeirri samtölu sem neðangreind tafla gefur til kynna, en töflurnar tilgreina samtölu ónámundaðra talna. Fjárhagsupplýsingar innan sviga gefa til kynna neikvæða tölu.

---

<sup>1</sup> LSP 7 Management B.V. er eini stjórnandi LSP 7 Coöperatief UA. Framkvæmdastjórn LSP 7 Management B.V. eru Martijn Kleijwegt, Rene Kuijten og Joachim Rothe. Sem slík geta LSP 7 Management B.V., Martijn Kleijwegt, Rene Kuijten og Joachim Rothe flokkast sem endanlegir verðbréfanna sem LSP 7 Coöperatief UA hefur skráð samkvæmt bandarískum lögum. Kleijwegt, Kuijten og Rothe afsala sér raunverulegu eignarhaldi á slíkum hlutum. Heimilisfang hvers aðila og einstaklinga sem tilgreindir eru í þessari neðanmálgrein er að Johannes Vermeerplein 9 1071 DV Amsterdam, Hollandi.

<sup>2</sup> Atkvæðagreiðsla og ákvarðanir þurfa meirihluta atkvæða stjórnarmanna Brunns vaxtarsjóðs slhf., kt. 581214-1030, sem skipuð er, Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttur, Hjörleifi Pálssyni og Guðrúnu Tinnu Ólafsdóttur. Sigurður Arnljótsson og Auðunn Árni Blöndal eru skráðir sem raunverulegir eigendur í fyrirtækjaskrá í gegnum eignarhald sitt á Brunnur Ventures GP ehf., kt., 581214-0810.

<sup>3</sup> Atkvæðagreiðsla og neikvæðar ákvarðanir krefjast meirihluta atkvæða fjárfestingarnefndar sem samanstendur af sex einstaklingum, Zhi Yang, Robert Li, Vanessa Huang, Huacheng Wei, Maggie Chen og Rachel Zhao, og afsala þau hver um sig raunverulegu eignarhaldi á slíkum hlutabréfum, nema að því marki sem fjárhagslegir hagsmunir þeirra eru til staðar. Heimilisfang BEYEOTECH er 190 Elgin Avenue, George Town, Grand Cayman KY1-9008, Cayman Islands.

<sup>4</sup> Ábyrgðaraðili Pivotal er Pivotal BioVenture Partners Fund I G.P., L.P. ("Pivotal GP"). Ábyrgðaraðili Pivotal GP er Pivotal BioVenture Partners Fund I U.G.P., Ltd ("Ultimate General Partner"). Richard Coles, Peter Bisgaard og Vincent Sai Sing Cheung eru stjórnarmenn Ultimate General Partner, og geta, ásamt Ultimate General Partner talist fara sameiginlega með atkvæði og fjárfestingarstjórn og þar með stjórn hlutabréfa í eigu Pivotal. Slíkir aðilar afsala sér þó raunverulegu eignarhaldi á slíkum verðbréfum nema að því marki sem þeir eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta. The Ultimate General Partner er að fullu í eigu Pivotal Partners Ltd ("Pivotal Partners"). Pivotal Partners er að fullu í eigu Pivotal Life Sciences Holdings Limited ("Pivotal Life Sciences"). Pivotal Life Sciences er að fullu í eigu Nan Fung Life Sciences Holdings Limited ("Nan Fung Life Sciences") og Nan Fung Life Sciences er að fullu í eigu NF Investment Holdings Limited ("NFIHL"). NFLS Beta er að fullu í eigu NFLS Platform Holdings Limited, sem er að fullu í eigu Nan Fung Life Sciences. Nan Fung Life Sciences er að fullu í eigu Nan Fung Group Holdings Limited ("NFGHL" og ásamt Pivotal, Pivotal GP, Ultimate General Partner, Pivotal Partners, Pivotal Life Sciences, Nan Fung Life Sciences og NFIHL, "Pivotal Parties"). Nefndarmenn framkvæmdanefndar NFGHL taka ákvarðanir um atkvæðagreiðslu og fjárfestingar með tilliti til almennra hluta í eigu NFLS Beta. Kam Chung Leung, Frank Kai Shui Seto, Vincent Sai Sing Cheung, Pui Kuen Cheung, Vanessa Tih Lin Cheung, Meng Gao og Chun Wai Nelson Tang eru meðlimir framkvæmdanefndar NFGHL. Slíkir aðilar afsala sér raunverulegu eignarhaldi á slíkum verðbréfum nema að því marki sem þeir eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Lykilaðilarnir deila atkvæða- og neitunarvaldi yfir þeim hlutum sem Pivotal á. Heimilisfang Pivotal, Pivotal GP, Ultimate General Partner, Pivotal Partners og Pivotal Life Sciences er 501 Second Street, Suite 200, San Francisco, CA 94107. Heimilisfang NFGHL er 23. hæð, Nan Fung Tower, 88 Connaught Road Central og 173 Des Voeux Road Central, Central, Hong Kong. Heimilisfang NFIHL er Vistra Corporate Services Centre, Wickhams Cay II, Road Town, Tortola, VG1110, Bresku Jómfrúaeýjar.

## Afmarkaðar samandregnar fjárhagsupplýsingar

### Rekstrarreikningur

	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2023	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2022
Rekstrartekjur	883	912
Rekstrartap	(80,714)	(32,376)
Tap tímabilsins	(88,802)	(38,698)
Tap á hlut (útþynnt) (í svissneskum frönkum)	(2.97)	(11.32)

### Efnahagsreikningur

	Miðað við 31. desember 2023	Miðað við 31. desember 2022
Heildar eignir	114,353	37,060
Heildar eigið fé	93,728	(97,991)
Heildar skuldbindingar	20,625	135,051

### Sjóðstreymi

	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2023	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2022
Nettó útfærði reiðufjár vegna rekstrarhreyfinga	(53,845)	(25,074)
Nettó útfærði reiðufjár vegna fjárfestingahreyfinga	(54,211)	(3,483)
Nettó innflærði reiðufjár vegna fjármögnunarhreyfinga	129,672	1,714
Hækkun / (lækkun) á reiðufé eða ígildi reiðufjár	21,616	(26,909)

### B.3 Hverjir eru helstu sértæku áhættuþættir útgefandans?

Viðskipti útgefanda eru háð ýmsum áhættum og óvissuþáttum. Komi til þess að neðangreindir áhættuþættir verði að veruleika gætu þeir haft verulega neikvæð áhrif á viðskipti, fjárhagslega stöðu og rekstrarafkomu. Fjárfestar ættu því að fara vandlega yfir heildstæða umfjöllun um áhættuþætti í kaflanum sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“ (e. Risk Factors) í 2. kafla lýsingarinnar. Hér að neðan er samantekt yfir helstu áhættuþætti:

- Útgefandi hefur mjög takmarkaða rekstrarsögu og jafnframt hafa engar vörur verið samþykktar til sölu sem gerir það af verkum að erfitt er að meta núverandi starfsemi og spá fyrir um framtíðarárangur og horfur.
- Útgefandi hefur orðið fyrir umtalsverðu nettó tapi á hverju tímabili frá upphafi rekstursins og ráðgerir að verða fyrir áframhaldandi tapi um fyrirsjáanlega framtíð.
- Lyfjapróun er vandasöm og felur í sér umfangsmikla áhættu. Hingað til hefur útgefandinn aldrei aflað tekna af vörusölu og mun hugsanlega hvorki afla tekna né vera arðbær.
- Útgefandi eru verulega háður þeim vöruflokkum sem þeir eru með í þróun, þ.e., OCS-01, OCS-02, og OCS-05, sem hann er að þróa til meðferðar á margvíslegum sjúkdómum. Ef útgefandinn nær ekki að ljúka klínískum rannsóknum fyrir framangreinda vöruflokka, nær ekki að fá markaðsleyfi fyrir vöruflokkana eða ef einhverjir af þessum vöruflokkum eru samþykktir og útgefandanum mistekst að koma þeim í framleiðslu og sölu með fullnægjandi hætti, mun reksturinn hljóta verulegan skaða.
- Niðurstöður þeirra klínísku rannsókna sem framkvæmdar hafa verið geta ekki verið vísbending um niðurstöður síðari rannsókna og niðurstöður yfirstandandi og framtíðar klínískra rannsókna kunna að uppfylla ekki skilyrði FDA og annarra eftirlitsaðila utan Bandaríkjanna.
- Jafnvel þótt útgefandi fái markaðsleyfi fyrir OCS-01, OCS-02, OCS-05, eða einhverjar vörur sem þróaðar verða í framtíðinni, þá kann að vera að útgefandi geti ekki með arðbærum hætti selt vörur sínar vegna óhagstæra reglna um verð eða reglna þriðju aðila um kostnaðarþáttöku, sem leiðir til þess að erfitt verður að selja vörur með arðbærum hætti.
- Viðskiptalegur árangur af vörum OCS-01, OCS-02 eða OCS-05, ef samþykktar, munu velta að miklu leyti á því að ná viðtækri útbreiðslu á vörunum með lækna og sjúklinga og þessar vörur kunna að fela ekki í sér viðskiptalegan árangur jafnvel þó klínískar rannsóknir séu jákvæðar.
- Útgefandi kann að stofna til samstarfs við þriðju aðila í tengslum við þróun og sölu á vörum útgefanda. Ef þessi samstörf eru ekki árangursrík, mun útgefandi ekki geta hagnýtt markaðstækifæri sem í vörunum felast.
- Útgefandi treystir fullkomlega á verktaka til að útgefa, framleiða og dreifa klínískum lyfja birgðum vegna þessara vara, sem kunna að vera einu aðilarnir sem geta útvegað eða framleitt. Útgefandi mun treysta á þriðju aðila varðandi framboð, framleiðslu og dreifingu á þeim vörum sem kunna að fá markaðsleyfi nú og í framtíðinni.
- Ferlið í tengslum við öflun markaðsleyfis hjá FDA og öðrum eftirlitsaðilum utan Bandaríkjanna er mjög flókið, lang tog ófyrirsjáanlegt. Ef útgefandi getur ekki aflað markaðsleyfis fyrir vörur sínar, eða gert það innan skynsamlegra tímamarka, mun starfsemi félagsins verða fyrir verulegum neikvæðum áhrifum.
- EF FDA kemst að þeirri niðurstöðu að OCS-01 uppfyllir ekki skilyrði fyrir ferli skv. *Section 505(b)(2)* fyrir öflun markaðsleyfis eða ef kröfurnar skv. *Section 505(b)(2)* eru ekki í samræmi við væntingar útgefanda mun öflun leyfis fyrir OCS-01 að öllum líkindum taka mun meiri tíma, kosta mun Meira og leiða til mun meiri erfileika og áhættu en væntingar standa til, og í hvoru tilviki kann ekki að bera árangur.

- Ef útgefandi er ókleift að afla, viðhalda og vernda einkaleyfi og annan hugverkarétt sinn í tengslum við núverandi og framtíðar tækni og vörur, eða ef umfang einkaleyfa og annar hugverkaréttinda er ekki nægilega víðtækur, kann útgefandi ekki að vera samkeppnishæfur á viðeigandi mörkuðum.

## (C) Lykilupplýsingar um verðbréfin

### C.1 Hverjir eru helstu eiginleikar verðbréfanna?

**Tegund, flokkur og ISIN-númer.** Almennu hlutabréfin eru almenn skráð hlutabréf í félaginu. ISIN: CH1242303498.

**Gjaldmiðill, eining, nafnverð, fjöldi útgefinna verðbréfa og tímalengd.** Almennu hlutabréfin eru gefin út í svissneskum frönkum (CHF), að nafnvirði CHF 0,01 á hlut og eru ótímabundin.

**Réttindi sem fylgja verðbréfunum, réttihæð og réttur til framsals.** Almennu hlutabréfin eru innbyrðis jafn réttá (pari passu). Hlutabréf í félaginu eru öll í sama flokki. Komi til slita eða gjaldþrots útgefanda, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða gegn vilja hans, fá eigendur hlutanna greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína og nota til þess það sem eftir er af eignum útgefanda eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið samþykktar kröfur greiddar. Engar takmarkanir á framsali fylgja hlutabréfunum.

**Arðgreiðslustefna.** Útgefandi gerir ekki ráð fyrir að greiða arð af almennu hlutabréfunum í fyrirsjáanlegri framtíð. Útgefandi hyggst halda eftir öllu tiltæku fjármagni og framtíðartekjum til að fjármagna þróun og stækkun viðskipta og vöruúrval.

**Lög sem gilda.** Almennu hlutabréfin hafa verið stofnuð í samræmi við svissnesk lög

### C.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Hlutir útgefanda eru nú skráðir í Bandaríkjunum á Nasdaq Global Market og munu viðskipti með þá hluti áfram fara fram undir auðkenninu "OSC". Sótt verður um töku hlutabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland undir merkinu "OSC". Umsókn telst fullgerð þegar FME hefur samþykkt og birt lýsinguna og endanleg útgáfa umsóknarinnar hefur verið afhent Nasdaq Iceland ("**umsóknin**"). Í kjölfar umsóknarinnar mun Nasdaq Iceland birta endanlega ákvörðun um umsóknina og, ef hún er samþykkt, fyrsta mögulega viðskiptadag með almennu hlutabréfin ("**skráningin**").

### C.3 Hvað eru helstu sértæku áhættuþættirnir fyrir verðbréfin?

- Tvíhliða skráning á almennu hlutabréfunum kann að hafa neikvæð áhrif á sölumöguleika og virði þeirra hluta. Almennu hlutabréfin verða skráð bæði á Nasdaq Global Market í New York og aðallista Nasdaq á Íslandi. Viðskipti með almennu hlutabréfin á þessum markaði mun fara fram í mismunandi gjaldmiðlum (Bandaríkjadal á Nasdaq Global Market og íslenskum krónum á aðallista Nasdaq á Íslandi), á mismunandi tímum (vegan tímamismunar, mismunandi viðskiptadaga og mismunandi almennra frídaga í Bandaríkjunum og á Íslandi og með mismunandi uppgjörsaðferðum.
- Markaðirnir Nasdaq Global Market og aðallisti Nasdaq á Íslandi, á hverjum almennu hlutabréfin verða tekin til viðskipta undir merkinu OCS og áskriftarréttindi á Nasdaq Global Market undir merkinu OCSAW, hafa orðið fyrir verulegum sveiflum í verðum og seljanlegu magni. Markaðsverð almennu hlutabréfanna og áskriftarréttindanna kann því að verða háð verulegum sveiflum og getur lækkað verulega.

•

**(D) Lykilupplýsingar um útboð verðbréfanna til almennings**

**D.1 Hvaða skilyrði og tímaáætlun gildir um fjárfestingu í þessu verðbréfum?**

**Almennir skilmálar útboðsins og áætlaðar tímasetningar.** Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

**Skráning og taka til viðskipta.** Almennu hlutabréfin eru skráð á Nasdaq US. Gert er ráð fyrir að skráning hlutabréfanna á aðalmarkað Nasdaq Iceland verði samþykkt á eða í kringum 23. – 26. apríl 2024 og að taka hlutabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland hefjist á eða í kringum 23. – 26. apríl 2024.

**Dreifingaráætlun.** Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

**Tilboðsverð og verðbil.** Á ekki við. Þessi lýsing tengist ekki hlutfjárútboði.

**Áætlaður kostnaður.** Kostnaður við skráninguna samanstendur af tilskildum gjöldum til FME og Nasdaq Iceland auk lögfræði- og umsýslukostnaði, kostnaði við fjármálaráðgjafa, útgáfukostnað og skatta, ef við á. Útgefandi áætla að heildarkostnaður við skráninguna verði um USD 1.100.000.

**D.2 Hver er tilboðsgjafinn?**

Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

**D.3 Hvers vegna er staðið að gerð lýsingarinnar?**

**Ástæður fyrir töku til viðskipta.** Útgefandinn telur að skráningin sé rökrétt og mikilvægt skref í þróun félagsins. Þá er tímasetningin viðeigandi með hliðsjón af stöðu og þróun félagsins.

**Áætlað söluandvirði og ráðstöfun þess.** Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

**Hagsmunaárekstrar.** Engir hagsmunaárekstrar eru til staðar í tengslum við skráninguna.